

Á miðvikudaginn 19. apríl sl. undir 18. tölul. dagskrár 799. fundar bæjarráðs Vesturbyggðar var tekið fyrir beiðni frá nefndarsviði Alþingis varðandi umsögn um þingsályktunartillögu um opnun neyðarbrautarinnar á Reykjavíkurlflugvelli og bókað:

**18. Umhverfis- og samgöngunefnd – tillaga til þingsályktunar um opnun neyðarbrautar á Reykjavíkurlflugvelli – 1704028.**

*Lagt fram tölvubréf dags. 10. apríl sl. frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis með beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um opnun neyðarbrautar á Reykjavíkurlflugvelli, 156. mál.*

*Bæjarráð Vesturbyggðar ályktaði á 792. fundi sínum 24. janúar 2017 og tók undir með þeim sveitarfélögum sem höfðu ályktað um lokun NA/SV flugbrautarinnar á Reykjavíkurlflugvelli, svokallaðrar neyðarbrautar. Það hefur sýnt sig að það er algjörlega óásættanlegt að brautin sé lokað meðan ekki er boðið upp á aðrar lausnir til að sinna sjúkraflugi við þau tilteknu skilyrði sem brautinni er ætlað að sinna. Íbúar landsbyggðarinnar þurfa að hafa óskert aðgengi að sjúkrahúsi allra landsmanna í Reykjavík. Því tekur bæjarráð Vesturbyggðar undir með flutningsmönnum þingsályktunarinnar, mál 156, um opnun neyðarbrautar á Reykjavíkurlflugvelli.*

Þetta tilkynnist hér með.

Kveðja

Þórir Sveinsson, skrifstofustjóri.

Afrit: Bæjarráð.